

Útkomið í A deild Stjórnartíðindanna.

Lög um bann gegn botnvörpuveiðum, undirskrifuð af konungi 6. apríl 1898 (A. nr. 8, bls 26-29).

Lög um breyting á lögum um lausafjárúnd 12. júlí 1878, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 9, bls. 30—33).

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um fjárkláða og önnurnæm fjárveikindi.— Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 30. sept. f. á., hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hingað frumvarp til laga um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, sem samþykkt var af síðasta alþingi og borið hafði verið upp af þingmanna hálfu, og hafði þjer jafnframt látið í ljósi, að eigi muni vera nægileg ástæða til að synja því allrahæstrar staðfestingar, enda þótt nefnt lagafrumvarp að yðar áliti eigi innihaldi neina verulega bót á ákvæðum þeim, er gilda í því efni er hjer ræðir um.

Á þessa skodun yðar hefir ráðaneytið samt eigi getað falli.

Þar sem þjer hafði tekið það fram, að það verði að álitast miður heppilegt, að frumvarpið felur amtsráðunum að gefa út reglugjörðir þær, er ræðir um í 4. og 5. gr., með því að slíkt fyrirkomulag eigi að eins mundi orsaka ósamkvæmni í ráðstöfunum þeim, er gjörðar yrðu, heldur einnig gefa ráðum þessum allt of mikið vald í hendur, einkanlega þar sem þeim er með öllu í sjálfvald gefið að kveða á um, af hverjum eða hvernig greiðast eigi allur sá kostnaður, sem leiðir af ráðstöfunum, er gjörðar eru samkvæmt lögum, og sem eigi með berum orðum er lagður á fjáreigendur, verður ráðaneytið eigi einungis að vera yður samdóma í þessu tilliti, heldur verður það að álíta þennan galla á frumvarpinu mjög svo verulegan. Auk þess eru að áliti ráðaneytisins margir aðrir verulegir annmarkar á frumvarpi þessu. Og skal um það efni tekið fram:

að aðstoðarmenn þeir, er ræðir um í 2. gr., eiga að því er virðist að skipast af lögreglustjóra þess hrepps, þar sem þeir eiga að starfa, jafnvel þótt þeir eigi heima í öðru lögsagnarumdæmi, í stað þess að þeir ættu að vera skipaðir af sínu eigin yfirvaldi eptir beiðni lögreglustjóra þess staðar, þar sem starf þeirra á fram að fara.

að ákvörðun sú, sem sett er í 6. gr. með tilliti til kaupstadanna, er mjög svo óheppilega orðuð, svo að orðalag hennar eigi felur í sjer þá hugsun, sem álíta verður að í henni hafi átt að liggja;

að sektarábyrgð sú, sem samkvæmt fyrirmælum 8. gr. 1. másl. hvílir eigi einungis á sveitarstjórnunum, heldur einnig á lögreglustjóra, að því er hinn síðarnefnda snertir, verður að álitast mjög óviðkunnanleg. Ákvörðun þess er að *visu* tekin úr tilsk. frá 1866, en sumpart verður einnig að álíta hana þar miður viðeigandi, með því hin almenna embættisábyrgð, þar á meðal ábyrgð samkvæmt hinum almennu ákvæðum hegningarlaga um embættisafbrot, verður að álitast nægileg, sumpart hefir hún í frumvarpinu fengið á sig enn þá óviðfeldnari blæ,

49 bæði fyrir það að sektarábyrgðin einnig á að ná til vanrækslu að því er snertir hlyðni við reglugjördir amtsráðanna og fyrir það að sektirnar eigi, eins og tilsk. 1886 fyrirskipar, eiga að ákveðast af amtinu, heldur ídæmast í opinberu lögreglumáli; því að þótt það sje eigi með berum orðum sagt, mun þó hið sama eiga að gilda um þær og hinar aðrar refsíákvarðanir frumvarpsins, en það mun — auk annars er móti því mæli, — vera mjög svo örðugt í framkvæmd gagnvart lögreglustjóra.

að hugsunin í ákvæðum þeim, sem ræðir um í 8. gr. 2. málsl. um sektir fyrir viss brot, er mjög óljós,

og að þess er alls eigi getið í lagafrumvarpinu, í hvaða hlutfalli það standi við tilsk. 4. marz 1871, um viðauka við tilsk. 5. jan. 1866, er numin er úr gildi með 9. gr. lagafrumvarpsins. Þótt ráðaneytið að vísu helzt hallist að þeirri skodun, að það eigi hafi verið tilgangurinn að nema umrædda tilskipun úr gildi, þá verður þó eigi fram hjá því gengið, sumpart að hin yfirgripsmikla fyr-sögn lagafrumvarpsins út af fyrir sig gæti gefið í skyn að til ætlunin sje að gefa tæmandi lagaákvæði um varnir gegn fjárkláða, sumpart að ef til vill mætti halda því fram, að um leið og aðaltilsk. 1866 er berum orðum úr gildi numin, hljóti tilskipun, sem nefnd er viðauki við hana, einnig að falla úr gildi með henni. Hvernig sem á þetta er litið, mundi það geta verið efasamt, hvort tilsk. 1871 ætti framvegis að vera í gildi eða eigi, en það getur auðvitað ekki álitizt æskilegt.

Af þessum ástæðum getur ráðaneytið eigi álitid, að lagafrumvarpið, eins og það liggur fyrir, sje svo úr garði gjört, að það geti orðið að lögum svo vel fari og hefir það þess vegna lagt til í allraþegnsamlegastustum tillögum sínum um málið, að frumvarpinu yrði synjað allraþæstrar staðfestingar, og hefir hans hátign konunginum 6. þ. m. allramildilegast þóknazt að fallast á þessar tillögur.

Ráðaneytið hefir þó í fyrnefndum allraþegnsamlegustum tillögum sínum áskilið sjer, þegar þar að kemur, að fara fram á að fá allrahest samþykki til þess að fyrir alþingi verði lagt á næstu samkomu þess annað frumvarp, er byggist á því frumvarpi, er nú liggur fyrir og þar sem þær breytingar sjeugerðar, sem nauðsyn þykir til bera.

Jafnframt því að skýra yður frá þessu til þóknarlegrar leiðbeiningar og birtingar í B deild Stjórnartíðindanna í sambandi við fyrnefnt brjef yðar, eruð þjer þjónustusamlega umbedinn að semja og senda hingað í tæka tíð, áður en næsta alþingi kemur saman, nýtt frumvarp til laga um þetta efni, er breytt sje samkvæmt fyrgreindum mótbárum gegn frumvarpi þingsins. Með tilliti til þessa finnur ráðaneytið sjerstaklega ástæðu til að taka fram, að það, að því er snertir ákvæði alþingisfrumvarpsins viðvíkjandi amtsrádsreglugjörðunum, mundi helzt hneigjast að því, að allar ákvarðanir þær, er ætlaðar eru slíkum reglugjörðum, væru teknar upp í sjálf lög. En áður en þessi hluti frumvarpsins er saminnu, verður bæði um þetta og um hið nánara innibald þeirra ákvæða, sem í lögum eiga að koma, ef sleppt er sjerstökum amtsreglugjörðum, að leita álits hjá öllum amtsráðunum. Ef það þá móti von kæmi í ljós, að staðhættir væru svo ólíkir í þeim efnum, er frumvarpið áhrærir, að æskilegt væri að ákvæðin væru eigi hin sömu fyrir hina einstöku landshluta, þá yrði þó ákvæðin um greiðslu

kostnaðarins að koma í sjálf lögin, þar á meðal bein ákvæði um borgunina til hreppstjóra, aðstoðarmanna o. s. frv. **49**

Brjef landshöfðingja.

Alþingi það, er saman kom á yfirstandandi ári, hefir eptir löglegan undirbúning samþykkt frumvarp til laga um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, er borið hafði verið upp af hálfu þingmanna, og leyfi jeg mjer lotningarfyllst að senda ráðaneytinu það eins og það fyrir liggur frá þingsins hálfu, og jafnframt danska þýðingu af því.

Lagafrumvarp það, er hjer ræðir um, á að koma í staðinn fyrir tilsk. 8. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi og er yfir höfuð samið með hana fyrir augum. Hin helzta breyting, sem á hefir verið gjörð, er fólgin í því, að samkvæmt lagafrumvarpinu er sveitarstjórnunum: hreppsnefndum og amtsráðum, sem eigi voru til, þegar tilsk. 1866 var útgefin, fengin hlutdeild í hinu opinbera eptirliti með heilbrigðisástandi sauðfjárins. Þannig er í fyrstu grein lagafrumvarpsins hreppsnefndunum og bæjarstjórnunum lögð á herðar hin sama skylda og hreppstjórnunum, að kynna sjer heilbrigðisástand sauðfjenaðarins og skýra hlutaðeigandi lögreglustjóra frá, þegar þeir komast að raun um eitthvað, sem bendir til þess að næmur sjúkdómur gjöri vart við sig. Því næst er amtsráðunum samkvæmt 4. gr. lagafrumvarpsins gefið vald til hvert í sínu amti að semja reglugjörð, er setji fastar reglur um skoðun og böðun fjárins, um baðlyf það, sem nota á, um aðgreining á sjúku og grunuðu fje og því, sem enginn grunur er á, um sótthreinsun fjárhúsa o. fl., og skal jafnframt taka upp í reglugjörðirnar ákvæði um, hvernig greiða skuli kostnað þann, er leiðir af ráðstöfunum hins opinbera samkvæmt lagafrumvarpinu, að undanteknum kostnaðinum við sjálfa böðunina og eptirlitið hjá hinum einstöku fjáreigendum, er greiðast skal af þeim sjálfum. Að gefa amtsráðunum slíkt vald í hendur, er að mínu áliti miður heppilegt, með því það mestmegnis er fólgið í lögregluráðstöfunum, sem eðlilegast hefði verið að fela hinum æðri lögreglyfirvöldum amtmönnunum, að kveða á um, auk þess er hætt við að hið nauðsynlega samræmi í ráðstöfunum þessum eigi faist, ef þær eru ákveðnar af hverju amtsráði í sínu amti. Hvað því einkum viðvíkur, hvernig kostnaðurinn við ráðstafanir þær, er gjörðar eru samkvæmt lagafrumvarpinu, t. d. þóknun til hreppstjóra og aðstoðarmanna þeirra, skuli greiðast, þá hefði að mínu áliti átt að ákveða það í lagafrumvarpinu sjálfu, enda væri heppilegast í því tilliti að sömu ákvæði giltu fyrir allt landið.

Meðal annara nýrra ákvæða má geta þess, að þegar fjárkláði kemur upp á tíma-bilinu frá byrjun rjetta til jólaföstu, það er að segja á þeim tíma, þegar fjeð er í fullu verði til slátrunar, skal þegar í stað slátra hinu sjúka fje, nema því að eins að eigandinn kjósi heldur að það á hans kostnað sje tekið til lækningar af hreppstjóranum eða aðstoðarmönnunum hans, og að veita má amtmönnunum vald til að fyrirskipa fjárböðun einnig á þeim stöðum í ömtum þeirra, þar sem kláða enn eigi hefir orðið vart, — og verður að álita ákvæði þessi heppileg.

Enda þótt jeg þannig eigi geti sjeð, að lagafrumvarp það, er hjer liggur fyrir, hafi í sjer fölgna neina verulega bót á ákvæðum þeim, er gilda í því efni, er hjer ræðir um, er þó að líkindum eigi næg ástæða til að synja því allrahæstrar staðfestingar.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um viðauka við lög nr. 3, frá 2. Febrúar 1894 um breyting á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863. — Með þóknanlegu bréfi dag- **50 14. apr.**